

## REGLUR

um úrskurðarnefnd skv. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972  
með síðari breytingum.

## 1. gr.

Úrskurðarnefnd, skipuð skv. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum, sker úr ágreiningi um þóknun til réttihafa í þeim tilvikum, þegar lögin heimila afnot verks að því tilskildu, að réttihafa sé greidd þóknun sbr. 14. gr., 15.a, 16., 17., 20., 21., 23., 23.a, 25. og 47. gr. laganna. Þá skal nefndin sinna þeim verkefnum öðrum, sem henni kunna að vera falin í höfundalögum.

## 2. gr.

Úrskurðarnefnd tekur deilu til meðferðar, er aðilum hefur verið gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir um ágreiningsefnið. Áður en til úrskurðar kemur skal nefndin leita sátta með aðilum.

Í greinargerðum, sem vera skulu skriflegar, skulu koma fram kröfur aðila. Þar skal koma fram, um hvað aðilar eru sammála og hver ágreiningsefnin séu. Um þau skal í greinargerðunum vera ítarleg reifun atvika og rökstuðningur krafna. Úrskurðarnefndinni er heimilt að afla frekari gagna, en jafnan skal gefa aðilum kost á að tjá sig á ný um málið, áður en það er tekið til úrskurðar.

## 3. gr.

Þóknun til úrskurðarnefndarmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við störf nefndarinnar skv. reikningi, sem menntamálaráðherra úrskurðar. Verði ágreiningur um þóknun nefndarmanna er heimilt að beita ákvæðum 10. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 53/1989 um sammingsbundna gerðardóma, til lausnar ágreiningsefninu.

## 4. gr.

Reglur þessar eru settar að höfðu samráði við höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. höfundalaga og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 800/1982 um gerðardóma skv. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

*Menntamálaráðuneytinu, 26. janúar 1996.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*